

Alþingi
Erindi nr. P 137/462
komudagur 29.6.2009



Alþingi
Elfr Valdís Þorsteinsdóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 26.06.2009
Tilv. 2009/0157 - 0.0.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands – 89. mál 137. Löggjafarþings

Með bréfi dags. 26. júní 2009 óskar allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, 89. mál, sbr. þskj 105. Neytendastofa vill hér með koma á framfæri eftirfarandi athugasemdir við frumvarp þetta.

Í 2. þætti frumvarpsins um breytingar á verkefnum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins er í 6. gr. gert ráð fyrir að lög nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verði áfrá n undir efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Í 36.gr.a-d. samningalaga eru innleidd ákvæði tilskipunar ESB nr. 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum og annast Neytendastofa eftirlit með ákvæðum laganna. Samningalög eru einn af grunnlagabálkum um lögskipti í viðskiptum sem eðlilegt er að fylgi öðrum sérlögum á sviði samningaréttar sem sett hafa verið til verndar neytendum og er að finna í 3. þætti frumvarpsins. Lagt er því til að lögin færist einnig til dómsmálaráðuneytisins.

Í XXVIII. og XXIX.kafla, sbr. 28. og 29. gr. frumvarpsins virðist vera gert ráð fyrir að lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup færist ekki til dómsmálaráðuneytisins. Í frumvarpið virðist einnig vanta að gera viðeigandi breytingar á lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Allir framangreindir lagabálfkareru grundvallarlöggjöf á sviði viðskipta og þýðingarmikil löggjöf á sviði kauparéttarins. Á öðrum Norðurlöndum er frá angreind löggjöf yfirleitt á verk- og valdsviði dómsmálaráðuneyta og er eðlilegt að mati Neytendastofu að lagabálfkunum verði ekki skipt á milli ólíkra ráðuneyta heldur falli þeir allir undir eitt ráðuneyti, þ.e.dómsmálaráðuneytið. Einnig má benda á að í 40. gr. laga nr. 42/2000 og 59. gr. laga nr. 50/2000 og 63. gr. laga nr. 48/2003 er að finna ákvæði um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki við úrlausn ágreiningsmála sem upp koma í viðskiptum og hefur málafljöldi þar farið sívaxandi á undanförunum árum. Kærunefndin er sjálfstæður aðili sem skipaður er af ráðherra en hefur aðsetur hjá Neytendastofu sem jafnframt annast skrifstofuhalda og aðra nausðynlega umsýslu fyrir nefndina. Það er álit Neytendastofu að ekki sé fært að skipta upp framangreindum lagabálfkum á sviði kauparéttarins milli ólíkra ráðuneyta og því eðlilegast að þeir færist allir til dómsmálaráðuneytisins.

Í XLI.kafla, sbr. 41. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að innheimtulög nr. 95/2008, verði ekki

fæð til dómsmálaráðuneytisins. Á það er bent að í lögnum er m.a. fjallað um innheimtu lögmannna og fleiri aðila og rætt hefur um að undanförunu að nauðsynlegt sé skoða hvort fela eigi Neytendastofu eftirlit með aðilum sem hvorki sæta eftirliti Lögmannafélags Íslands né Fjármálaeftirlitsins. Af framangreindum ástæðum mælir Neytendastofa með því að Alþingi kauni nánar hvort ekki eigi að færa þenna lagabálk einnig til dómsmálaráðuneytisins.

Í 1. kafla, sbr 52. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir færist ekki til dómsmálaráðuneytisins þrátt fyrir að Neytendastofa hafi eftirlit með lögnum. Neytendastofa telur að málefni er varða löglegar undirskriftir og staðfestingu löggæringa falli mjög vel að málefnsviði dómsmálaráðuneytisins sem jafnframt fer með löggræðislög og sýslumönnum er falið að annast notarial vottun („*notarius publicus*”). Lagt er því til að framangreind lög færist einnig til dómsmálaráðuneytisins.

Í 11. kafla, sbr. 53. gr. frumvarpsins virðist sem að lög nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu eigi ekki að færast til dómsmálaráðuneytisins en Neytendastofa er falið eftirlit samkvæmt lögnum. Lagt er til að lögin færist einnig til dómsmálaráðuneytisins.

Í 3. þætti frumvarpsins er að finna ákvæði sem varða flutning löggjafar á sviði neytendamála til dómsmálaráðuneytisins. Í þeim kafla er að meðal annars að finna ýmis konar sérlög á sviði samningaréttar sem hafa þann tilgang að vernda neytendur í viðskiptum. Neytendastofa er falið eftirlit með lögnum og oftan en ekki eru lögin sett til að innleiða ákvæði tilskipana Eviópusambandsins. Það er því augljóst að mati Neytendastofu að sem flestir lagabálkar sem hún hefur framkvæmd og eftirlit með verði færðir til eins og sama ráðuneytis enda standi því ekki í vegi önnur veigmikil rök eða skipulagsbundin nauðsyn. Af þeirri ástæðu telur Neytendastofa eðlilegt að ákvæði laga nr. 121/1994, um neytendalán svo og ákvæði laga nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda verði einnig færð til dómsmálaráðuneytisins. Hér má einnig benda á að í lögum nr. 43/2000, um lagaskil á sviði samningaréttar er að finna ákvæði sem varða vernd neytenda og eðlilegt er að þau fylgi með öðrum lagabálkum á sviði samningaréttar s.s. samningalögum og öðrum sérlögum er varða vernd neytenda í tilteknum samningstegundum, s.s. gerð samninga um alferðir, neytendakaup, o.s. frv. Loks er í lögum nr.25/1991, um skaðsemisábyrgð að finna þýðingarmikil ákvæði sem hafi rík tengsl við lög nr.134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði færð til dómsmálaráðuneytisins. Neytendastofa telur að við samþykkt frumvarpsins skuli nú einnig athugað hvort framangreindir lagabálkar skuli færðir þannig að yfirsýn og samhengi haldist hjá einu ráðuneyti eins og frekast er unnt.

Samkvæmt framansögðu telur Neytendastofa því að eftirtalin lög eigi einnig að flytjast til dón smálaráðuneytis:

nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa
nr. 42/2000 um þjónustukaup
nr. 50/2000 um lausafjárkaup
nr. 48/2003, um neytendakaup
nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir
nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu
nr. 121/1994, um neytendalán
nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda
nr. 43/2000, um lagaskil á sviði samningaréttar
nr.25/1991, um skaðsemisábyrgð

inn reitnum nr. 95/2008

Óslá allsherjarnefnd eftir frekari upplýsingum er Neytendastofa reiðubúin til þess að veita þær eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllst

f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson

Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri